

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 230/2020

2023/EES/70/54

frá 11. desember 2020

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 ⁽¹⁾ var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2020 frá 14. júlí 2020.
- 2) Breyta þarf tölunum fyrir Ísland í samræmi við 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. a. tilskipunar 2003/87/EB, breytt með tilskipun (ESB) 201/410.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Lið 21a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Í aðlögunartexta i) er línunni sem á við Ísland breytt með eftirfarandi:

„Ísland: 1 774 646 tonn af jafngildi koltvísýrings.“

2. Í aðlögun u):

- i) í A-HLUTA, kemur eftirfarandi tafla í stað töflunnar sem varðar Ísland undir fyrirsögninni „1. Tölur frá EFTA-ríkjunum skv. 9. gr.“:

”

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	22 685
2014	22 268
2015	21 852
2016	21 435
2017	21 019
2018	20 602
2019	20 186
2020	19 769

“

- ii) í A-HLUTA, kemur eftirfarandi tafla í stað töflunnar sem varðar Ísland undir fyrirsögninni „3. Tölur frá EFTA-ríkjunum skv. 2. mgr. 9. gr. a.“:

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3.

”

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	1 682 010
2014	1 651 131
2015	1 620 252
2016	1 589 373
2017	1 558 494
2018	1 527 616
2019	1 496 737
2020	1 465 858

“

iii) í B-HLUTA kemur eftirfarandi dálkur í stað dálksins fyrir Ísland:

”

CAP 2021-2030	Ísland
2021	1 432 642
2022	1 393 440
2023	1 354 238
2024	1 315 037
2025	1 275 835
2026	1 236 633
2027	1 197 432
2028	1 158 230
2029	1 119 029
2030	1 079 827

“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2020 frá 14. júlí 2020 (²), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monau

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(²) Stjttð. ESB L, 6.7.2023, bls. 33 og EES-viðbætur nr. 51, 6.7.2023, bls. 32.